

Nýútkomin lög.

Lög til bráðabirgða um ráðstafanir gegn pestkynjuðum sjúkdómum, gefin á Amaliuborg 4. dag aprílm. 1879, birt í deildinni A. 6, bls. 14—17.

Anglýsing um póstmál.

45
15. apríl.

I. Samkvæmt 18. gr. í samningi þeim, er gjörður var 9. okt. 1874 í Bern (stjórnartíð. 1876 B.8) hafa 1. júní f.á. í Parísarborg verið samþykktar eptirnefndar breytingar með tilliti til alsherjarpóstbandsins (union postale universelle), og hafa þær 12. júlí s.á. verið staðfestar af hans háttign konunginum. Í sambandinu eru auk Danmerkur (fyrir hönd hinnar dönsku og hinnar íslensku pósthjórnar) og hinna dönsku nýlenda, þessi ríki: Þýskaland, Argentíska lýðveldið, Austurríki og Ungverjaland, Belgía, Brasilía, Egyptaland, Spánn og hinar spönsku nýlendur, Bandaríkin í Vesturheimi, Frakkland og hinar frakknesku nýlendur, Bretland hið mikla og ýmsar enskar nýlendur, brezk India, Kanada, Grikkland, Ítalía, Japan, Luxemborg, Mexíko, Montenegro, Norvegur, Holland og hollenzku nýlendurnar, Perú, Persía, Portúgal, portugísku nýlendurnar, Rúmenía, Rússland, Serbía, Salvador, Svíþjóð, Svissland og Tyrkjaveldi.

Milli Íslands og nýnefndra ríkja eru eptirnefndar póstsendingar fluttar gegn burðargjaldi því, er nú skal greina:

- a, *sendibrjef*, fyrir hver 3 kvint eða minna, er brjefið vegur 20 aur.
sje fullborgað undir brjefið fyrirfram, annars tvöfalt við þetta.
- b, *spjaldbrjef*, hvert 10 —
- c, *allskonar prentuð mál, viðskiptaskjöl, sýnishorn af varningi og snið* í krossbandi, fyrir hver 10 kvint eða minna, er sendingin vegur 5 —
Þó ekki minna en 20 aur. fyrir hverja sendingu af viðskiptaskjöllum (til Svíþjóðar og Norvegs minnst 12 aur.), og 10 aur. fyrir vörusýnishorn og snið.

Allar þessar sendingar má, ef fullborgað er undir þær fyrirfram, flytja með *fyrirgreiðslubón* (sous recommandation) gegn 16 aura aukagjaldi að meðtöldu pósthjórninni handa þeim, er sendir. Burðargjald fyrir viðtökuskirteini er 8 aur.

Ef flytja á póstsendingu sjóveg eða um land, sem ekki er í alsherjarpóstsambandinu eða á einhvern hátt, sem hefir sjerstakan kostnað í för með sjer, má krefjast aukagjalds, og sjest það af *gjaldaskrá* þeirri, sem er til eptirsjónar á pósthjófnunni í Reykjavík og á hverjum póstaðgreiðslustað í landinu.

Útilokun frá flutningi þessum eru:

- 1, sendingar þær, er getur um að framan undir b og c. þegar alls ekkert er borgað undir þær.
- 2, hlutir, sem eru þess eðlis, að þeir geta skemmt aðrar sendingar.
- 3, böggjar með sýnishornum af varningi eða sniðum, er annaðhvort hafa gangverð, eða vega meira en 50 kvint eða eru ummáls meira enn $7\frac{1}{2}$ þuml. langir, $3\frac{3}{4}$ þuml. breiðir og $1\frac{1}{8}$ þuml. háir (þykkir).
- 4, böggjar með viðskiptaskjöllum eða prentuðu máli allskonar, er vega meira en 4 pd.

Hinn 5. maí 1879.

45
15. apríl.

5, brjef eða böggjar innihaldandi tollskyldar vörur eða muni úr gulli eða silfri, mótaða peninga, sbr. þó II. hjer á eftir, gimsteina og skrautmuni (objets précieux).

II, Milli Þýskalands, Austurríkis og Ungverjalands, Belgíu, Danmerkur, Egyptalands, Frakklands, Ítalíu, Luxemborgar, Norvegs, Hollands, Portúgals, Rumeníu, Svíþjóðar og Svisslands hefir 1. júní f. á. í París verið gjörð samþykkt um flutning á brjefum með tiltekinni verðupphæð, og hefir samþykkt þessi verið staðfest af konungi 12. júlí s. á. Samkvæmt þessu má senda frá Íslandi til allra hinna nefndu landa brjef innihaldandi fjæmæt skjöl með ábyrgð á þeirri verðupphæð, sem tiltekin er. Ekki má senda mótaða peninga, nema í brjefum til *Norvegs, Svíþjóðar og Þýskalands*, og ekki stærri upphæðir, en ákveðið er í 13. gr. 2 c auglýsingar 3. maí 1872.

Fyrir þessar sendingar skal greiða:

1. almennt brjefburðargjald samkvæmt I fyrir hver 3 kvint 20 a.
2. fyrirgreiðslugjald (droit de recommandation) 16 -
3. ábyrgðargjald (droit d'assurance) fyrir hver 200 francs eða 144 kr. af hinna tilteknu verðupphæð.

a. ef sendingin á að ganga til Norvegs, Svíþjóðar eða Þýskalands 8 -
b. til hinna ríkja, er nefnd voru, að svo miklu leyti þau eru í Evrópu . . . 18 -
c. til hinna nefndu landa fyrir utan Evrópu allt að 34 -
og eru ítarlegar ákvarðanir um þetta í burðargjaldaskrá þeirri, sem er til eptirsjónar á póstafrageiðslustöðum landsins. Kvittun viðtökumanns fyrir sendinguna fæst fyrir 8 aura gjald það, er getur um í I. Póstskirteini fær sá, er sendir slík brjef, kauplaust. Það má ekki tiltaka á brjefinu stærri verðupphæð, en í því er. Innihald brjefsins er ekki talið, þegar tekið er við því. Verðupphæðina skal rita á þá hlið brjefsins, er nafn og heimili viðtökumanns stendur á, og skal hún tiltekin bæði með tölum og öllum stöfum á dönsku.

III. Samkvæmt samþykkt dagsettri í Parísarborg 4. júní f. á. og staðfestri 12. júlí s. á. af konungi, má senda yfir Danmörk *póstávisanir* milli Reykjavíkur og nokkurra utanríkislanda. Póstávisanirnar verða að hljóða á peninga þess lands, er þær eiga að borgast í. Upphæðin skal tilgreind í tölum og með öllum stöfum á *dönsku*. Upphæð sú er greiða skal, þegar ávísunin hljóðar á aðra en krónupeninga, sjest af töflum þeim, er fylgja hinni áminnztu burðargjaldaskrá. Allar póstaðvisanir skulu *fullborgaðar fyrirfram*. Gjaldið er:

- 1, til Þýskalands með Helgoland 9 a. fyrir hverjar 18 kr. eða minna, er ávísunin hljóðar á, minnst 36 aura, engin ávísun má hljóða á meira en 360 kr.
- 2, til Norvegs, Svíþjóðar, Belgíu, Frakklands, Ítalíu, Luxemborgar, Hollands, Portugal, Rumeníu, Sviss, Egyptalands og Konstantínopel 18 a. fyrir hverjar 18 kr. eða minna, minnst 36 a. Mesta ávísunin 360 kr.

- 3, til Bretlands hins mikla með Írlandi og til Indíu

fyrir ávisanir á allt að 50 kr. 25 a.

— — — — — 100 — 50 -

— — — — — 182 — 75 -

- 4, til Bandaríkjanna í Norður-Ameríku

fyrir ávisanir á allt að 18 kr. . . 50 a.

— — — — — 37 — . . 84 -

— — — — — 75 — . . 156 -

— — — — — 113 — . . 232 -

fyrir ávísanir á allt að 151 kr. . 308 a.

— — — — — 189 — . 373 —

Almennar ákvarðanir.

Glatist póstsending, skal koma fram með skaðabótakröfu innan árs eptir það að hún var afhent póststjórninni til flutnings.

Til þess að borga undir sendingar til utanríkislanda, má að eins nota almenn póstmerki en ekki þjónustumerki. Fyrir burðargjald það, sem greitt verður á þenna hátt með almennum póstmerkjum, er hlutaðeigandi póstmaður skyldur að gefa stjórnarvaldi því, er sendir, borgunarlausu viðurkenningu, þar sem tiltekið er burðargjaldið, og má þar eptir fá það endurgoldið sem annað burðargjald undir embættisbrjef.

Póstsambandið milli Danmerkur og Íslands verður óbreytt hið sama og að undanfögnu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. apríl 1879.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun lögreglustjóra fyrir skoðun á útflutningsskipum.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dags. 16. október þ. á. lagt undir úrskurð ráðgjafans fyrirspurn bæjarfógetans á Akureyri um 20 kr. borgun þá, sem lögreglustjórum er veitt með 9. gr. laga frá 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur fyrir fyrsta daginn, er þeir verja til þess að skoða útflutningsskip. Spurt er um, hvort telja skuli borgun þessa með tekjum þeim, sem um er rætt í 1. gr. laga 14. desember 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta, eða slíkt skuli álita sem fæðispeninga (diæter), er hlutaðeigandi embættismanni beri að njóta eptir sem áður, og hafið þjer í þessu tilliti látið í ljósi, að þær 20 kr., sem um er getið í áminnztri lagagrein fyrir fyrsta daginn, virðist að eiga óskiptar að falla í landssjóð, en aptur á móti liggi næst að ætla, að hlutaðeigandi embættismanni beri þær 6 kr., sem ákveðnar eru fyrir hvern af hinum eptirfylgjandi dögum, með því að nefnd eru daglaun í greininni.

Fyrir því læt jeg ekki dragast hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er yður samdóma um, að þær 20 kr., sem ákveðnar eru fyrir fyrsta daginn, geti hvorki að öllu nje nokkru leyti álitizt fæðispeningar, og að ráðgjafinn þar að auki fær ekki betur sjeð, en að þær 6 kr., sem tiltekna eru fyrir hvern dag þar á eptir, hljóti að skoðast á sama hátt, og þess vegna einnig eptirleiðis greiðast í landssjóð. Því það myndi vera mjög mikil ósamkvæmni að veita lögreglustjórum dagpeninga fyrir 2. og 3. daginn, en aptur á móti enga þóknun fyrir 1. daginn, því á þeim degi munu þó aðalstörfin venjulega lenda. En það atriði, að nefnd lagagrein hefir orðið «daglaun», þótt borgunin sje ekki bundin við hið venjulega skilyrði fyrir fæðispeningum embættismanna, að embættisverkið fari fram annarstaðar, en þar sem hlutaðeigendur (embættismaður eða skoðunarmenn) eiga heima, getur ekki gjört mikið að verkum, því þetta orð þýðir vafalaust hjer hið sama og «dagpeningar» eða «dagkaup».

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um amtmannaembætti.* in. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 17. sept. f. á. sent

45
15. apríl

46
9. des.
1878

47
10. des.
1878